



Áfangalýsing ML

Titill:	Berlínaráfangi
Námsgrein:	Þýska
Viðfangsefni:	
Skammstöfun:	ÞÝSK2PD05
Þrep:	2
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	Í áfanganum undirbúa og skipuleggja nemendur nokkurra daga ferð til Berlínar. Þeir vinna verkefni tengd borginni fyrir ferðina, í henni og eftir að heim er komið. Lögð er áhersla á umfjöllun um sögu borgarinnar og merkisstaði sem síðan verða heimsóttir í ferðinni, undir leiðsögn kennara og/eða leiðsögumanns. Hluti vinnunnar fyrir ferðina felst í upprifjun á orðaforða og málnotkun með áherslu á dagleg samskipti. Nemendur munu ýmist vinna á þýsku eða íslensku í áfanganum. Þeir horfa á kvikmyndir, heimildarmyndir og leikið efni þar sem sögusviðið er Berlín. Sönglög um borgina eru einnig til umfjöllunar í áfanganum. Nemendur greiða sjálfir kostnað ferðarinnar en hluti fjáröflunarinnar er liður í námsvinnu nemenda. Gert er ráð fyrir tveimur föstum tímum í stundatöflu. Önnur vinna felst í undirbúningi og ferðinni sjálfri.
Forkröfur:	ÞÝSK1PC05
Þekkingarviðmið:	
Leikniviðmið:	
Hæfniviðmið:	
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun.